



## UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

### STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur haldinn á Teams þann 5. júní 2024 kl.16:00

Mætt voru: Guðrún Hildur Þórðardóttir, Kristján Jóhannes Pétursson, Svala Svavarsdóttir og Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir.

1. Sambandsstjóri setti fundinn kl.16:03
2. Ferðastyrksúthlutanir.  
Farið var yfir þær umsóknir sem bárust fyrir fyrri umsóknarfrest ársins sem var 31. maí. Fjórar einstaklingsumsóknir bárust og ein hópumsókn. Úthlutanir voru ákveðnar:

16 stúlkur í 7. – 9. fl. kvk í körfuknattleik hjá Skallagrími sem eru á leið á körfuknattleiksmótið Eurobasket á Lloret de Mar hlutu samtals 450.000 krónur.

Bjarki Pétursson atvinnukylfingur sem tekur þátt í töluvert mörgum mótum erlendis hlaut 200.000 krónur.

Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir sem er á leið á EM í frjálsum íþróttum hlaut 100.000 krónur.

Jón Árni Gylfason sem er á leið á NM og EM með U16 í körfuknattleik hlaut 100.000 krónur.

Sindri Karl Sigurjónsson sem er á leið í keppnisferð til Gautaborgar á alþjóðlegt mót ungmenna hlaut 50.000 krónur.

3. 17. júní hátíð

Rætt var um og ákveðið að greiða hverju félagi/deild sem er tilbúið að gera eitthvað í sínu nærumhverfi á 17. júní 50.000 krónur. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við aðildarfélög og biðja þau um að láta vita fyrir mánudaginn 10. júní af eða á og hvað þau stefna á að gera þann dag.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.16:47